

Ed. 508. Frumvarp til laga

um skipulag Reykjavíkurbæjar.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur fer með skipulagsmál bæjarins.

2. gr.

Í Reykjavík skal bæjarstjórn kjósa í skipulagsnefnd tvo menn og tvo til vara, annan úr hópi húsameistara, en hinn úr hópi verkfræðinga. Enn fremur eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, bæjarverkfræðingur og húsameistari bæjarins. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar.

3. gr.

Kjörtímabil hinna kosnu nefndarmanna er hið sama og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning gildir þó aðeins, þar til er bæjarstjórnarkosningar fara fram næst.

4. gr.

Skipulagsnefndin skal, svo fljótt sem kostur er, láta gera skipulagsupprætti af Reykjavíkurbæ, öllu byggðu svæði, í tæka tíð, áður en það er tekið til bygginga, og þannig áfram, þar til er allt bæjarlandið er skipulagt.

5. gr.

Skipulagsuppdrættir skulu vera þannig:

- a. Yfirlitsuppdrættir af öllu skipulagssvæðinu í mælikvarða 1:5000, er sýni allar aðalgötur, helztu athafnasvæði, íþróttasvæði, torg, opin svæði, nýtingu landsins og skiptingu þess, eftir því sem við verður komið.
- b. Séruppdrættir í mælikvarða minnst 1:2000, er sýni hagnýtingu og byggingu hinna einstöku reita, staðsetningu húsa, hæð þeirra og önnur atriði, er máli skipta.
- c. Aðrir séruppdrættir í stærri mælikvarða, er sýni greinilega fyrirkomulag torga, helztu gatnamóta o. s. frv., eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Þegar skipulagsuppdrættir hafa verið gerðir að einstökum bæjarhlutum eða bændum í heild, skulu þeir sendir byggingarnefnd og hafnarstjórn til umsagnar. Er skipulagsnefnd hefur athugað umsagnir og breytingartillögur nefndanna, skulu uppdrættirnir lagðir fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu.

7. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn skipulagsuppdrætti við fyrri umræðu, og skal það þá auglýst opinberlega og uppdrættirnir ásamt lýsingu á helztu breytingum, er þeir hafa í för með sér, hafðir almenningi til sýnis í allt að 3 vikur.

8. gr.

Eftir að skipulagsuppdrættir eru lagðir fram almenningi til sýnis, má ekki gera nein mannvirki, er fara í bága við þá, nema með samþykki skipulagsnefndar og bæjarstjórnar.

9. gr.

Er skipulagsuppdrættir hafa legið frammi lögákveðinn tíma, skulu þeir lagðir fyrir bæjarstjórn til síðari umræðu, þegar er skipulagsnefnd hefur unnið úr breytingartillögum og samið umsögn um þær.

10. gr.

Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt skipulagsuppdrætti við síðari umræðu, öðlast þeir þegar gildi.

11. gr.

Nú liða full 2 ár, frá því er skipulagsuppdrættir voru fyrst lagðir fram, án þess að bæjarstjórn samþykki þá við síðari umræðu, og hafa þeir þá ekki lengur það gildi, er í 8. gr. segir.

12. gr.

Byggingarnefnd veitir öll byggingarleyfi og sér um, að skipulagsuppdrætti sé fylgt í hvivetna. Húsameistari bæjarins skal sitja fundi byggingarnefndar og byggingarfulltrúi fundi skipulagsnefndar.

13. gr.

Breytingar á samþykktum skipulagsuppdráttum verða því aðeins gerðar, að skipulagsnefnd og bæjarstjórn samþykki breytinguna.

14. gr.

Engar undanþágur skulu veittar frá ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur nema með samþykki skipulagsnefndar.

15. gr.

Fyrir skipulagsnefnd skal leggja:

- a. Uppdrætti að öllum stórhýsum.
- b. Uppdrætti að öllum opinberum byggingum.
- c. Uppdrætti að öðrum mannvirkjum, sem eru mikilsvarðandi fyrir útlit bæjarins eða einstakra bæjarhluta.
- d. Uppdrætti að öllum byggingum, er byggingarnefnd telur ástæðu til að synja leyfis vegna útlits.
- e. Önnur mál, er formaður skipulagsnefndar og byggingarnefndar telur verulegu máli skipta.

16. gr.

Nú verða skipulagsnefnd og byggingarnefnd ekki sammála um afgreiðslu þeirra byggingarleyfismála, sem háð eru sérstöku samþykki skipulagsnefndar samkv. 15. gr., og skulu nefndirnar þá halda sameiginlegan fund um málin, og ræður þar afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi, skal greiða í skipulagssjóð Reykjavíkur 5% af brunabótamatsverði hvernar nýbyggingar innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Gjaldið er tryggt með lögveði í byggingunni, er gengur fyrir öllum samnings- og aðfararveðum og fellur í gjalddaga, þegar bæjarstjórn hefur samþykkt brunabótamatið.

18. gr.

Um öflun annarra tekna til að standast kostnað við framkvæmd skipulagsins, skaðabótarétt og gjaldskyldu fasteignaeigenda og verkanir skipulagsins að öðru leyti fer eftir sérstökum lögum.

19. gr.

Lög nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, lög nr. 27 15. júní 1926 og lög nr. 64 11. júní 1938, um breytingar á þeim lögum, gilda ekki, að því er snertir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Með núgildandi lögum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa er stjórn skipulagsmála landsins alls lögð í hendur skipulagsnefndar ríkisins, en hana skipa vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Þessi nefnd hefur að heita má óskorað vald í skipulagsmálum, en bæjar- og sveitarstjórnir hafa aðeins tillögu-rétt um þessi mál.

Meðferð skipulagsmála Reykjavíkur er umfangsmikil og vandasöm, eins og að líkum lætur, þegar á það er litið, að bærinn er í örum vexti. Þykir því nauðsyn til þera að gera um þau aðra skipun en skipulagsmál annarra landshluta, og því er frumvarp þetta borið fram.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri aðalbreytingu, að skipulagsmál Reykjavíkurbæjar verði tekin úr höndum skipulagsnefndar ríkisins og fengin bæjarstjórn í hendur. Er þá gert ráð fyrir, að skipuð verði sérstök nefnd, er fari með þessi mál í umboði bæjarstjórnar, og eiga sæti í henni tveir menn kosnir af bæjarstjórn, skal annar vera húsameistari, en hinn verkfræðingur, en sjálfkjörnir eru í nefndina: borgarstjóri, sem er formaður hennar, bæjarverkfræðingur og húsameistari bæjarins. Nefnd þessi lætur gera skipulagsuppdrætti af bænum og bæjarlandinu undir yfirstjórn bæjarstjórnar.

Það verður að telja mjög óeðlilegt, að höfuðstaður landsins hafi nálega enga ihlutun um skipulagsmál sín. Meðferð þeirra mála verður að miklu leyti að vera í höndum sérfræðinga, og þar sem kauptún og sjávarþorp landsins hafa yfirleitt ekki slíkum mönnum á að skipa, er það eðlilegt, að ríkið láti sína sérfræðinga fara með þau mál þar, og þá einmitt vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara ríkisins, sem eru kunnugastir staðháttum og atvinnulífi víðast á landinu. En í Reykjavík aftur á móti er nægur kostur sérfróðra manna. Þar er og völ á þeim mönnum, sem auk sérþekkingar eru af eðlilegum ástæðum miklu kunnugri fasteigna- og skipulagsmálum bæjarins heldur en þeir starfsmenn ríkisins, er nú voru taldir.

Borgarstjóri, bæjarverkfræðingur og húsameistari bæjarins hafa þessi mál daglega með höndum og hafa því að sjálfsögðu betri yfirsýn um þau en nokkrir aðrir. Sérfræðingar bæjarins, bæjarverkfræðingurinn og húsameistarinn, hafa þessi mál að aðalstarfi.

Skipulagsnefndarmenn ríkisins hafa aftur á móti öðrum mjög umfangsmiklum störfum að gegna, sem ekki koma skipulagsmálum bæjarins við, og verður þetta til þess, að oft er ekki hægt að halda fundi í skipulagsnefnd vegna fjarveru nefndarmanna. Þetta er þeim mun bagalegra sem fjarvera nefndarmanna er tíðust á sumrin, þegar flest byggingarmál eru til afgreiðslu hjá byggingarnefnd.

Einnig er á það að líta, að allur almenningsgerir sér ekki grein fyrir öðru en stjórnvöld bæjarins beri ábyrgð á skipulagsmálum hans, og beinir því gegn þeim öllum aðfinnslum um meðferð þeirra. Það er auðvitað eðlilegt, að þau beri þá ábyrgð, en þá verða þau jafnframt að hafa aðstöðu til að ráða gangi þeirra.

Milli byggingarnefndar bæjarins og skipulagsnefndar þarf að sjálfsögðu að vera góð samvinna. Hana er reynt að tryggja með ákvæðum frv., sbr. 2., 12. og 16. gr.

Um gerð skipulagsuppdráttar er nýtt ákvæði í frumvarpi þessu, þar eð auk hinna venjulegu uppdráttar í minnsta mælikvarða, 1:2000, sem nú eru lögboðnir samkvæmt gildandi skipulagslögum, er þess krafizt, að gerðir séu yfirlitsuppdrættir yfir gatnakerfi og hagnýtingu bæjarstæðisins í mælikvarða 1:5000.

Þetta er nauðsynleg ráðstöfun vegna stærðar bæjarstæðisins, til þess að hægt sé að fá sémilegt yfirlit yfir gatnakerfi mikils hluta þess á hæfilega stórum uppdrætti. Það eru ýmis ákvæði í núgildandi skipulagslögum, sem eiga rétt á sér fyrir hin minni sjávarþorp hér á landi, en virðast vera óþörf fyrir Reykjavíkurborg, þar eð hún hefur sínar sérstöku reglugerðir eins og t. d. byggingarsamþykkt, brunamálasamþykkt, heilbrigðissamþykkt o. fl., sem slík sérákvæði eiga fremur heima í en í sjálfum skipulagslögum.

Þá eru og starfandi í Reykjavíkurborg ýmsar stofnanir, sem fara með þessi sérmál, svo sem Höfnin, Rafmagnsveitan, Vatns- og Hitaveita, Slökkvistöðin o. fl., sem ekki eru til í hinum minni sjávarþorpum þessa lands.

Þess er að vænta, ef frumvarp þetta verður að lögum, að skipulag fyrir Reykjavíkurborg verði auðveldara í allri framkvæmd hér eftir en hingað til, þar sem það verður algerlega í hendi þess aðila, sem ber að framkvæma það.

Frv. þetta er samið að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur, og mælir meiri hluti þess með, að það verði samþykkt. Er frv. flutt að beiðni meiri hluta bæjarráðs.